

HAFNARREGLUGERÐfyrir **Bíldudalskaupþún.****I. KAFLI****Takmörk hafnarinnar.**

1. gr.

Bíldudalshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Haganestá að Jaðarshlein. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu alla vegu meðfram vognum.

II. KAFLI**Stjórn hafnarinnar.**

2. gr.

Hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála, en þrír menn kosnir af hverri nýkjörinni hreppsnefnd til 4 ára í senn, hafa á hendi framkvæmd þeirra. Hreppsnefnd kýs formann nefndarinnar, en nefndarmenn kjósa hafnarvörð.

3. gr.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á mannvirkjum hennar, annast fjárhald hennar og reikningshald fyrir hönd hreppsnefndar. Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

III. KAFLI**Um almenna reglu.**

4. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlíta boði hennar og banni, svo og starfsmanns þess, er hún setur til að halda uppi reglu.

Þykist einhver beittur órétti, getur hann kært fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmanns ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni og við hana.

6. gr.

Ekki má kasta úthyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, né heldur fiskúrgangi eða öðru, sem óþrifum kann að valda. Innan hafnartakmarkanna er einnig óheimilt að gera nein hafnarmannvirki, breyta þeim sem fyrir eru, fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar og hreppsnefndar komi til. Þá er enn fremur bönnuð hver sú starfsemi á höfninni eða við hana, sem að dómi hafnarnefndar truflar eðlilega notkun hafnarinnar.

IV. KAFLI**Um umferð og legu skipa á höfninni.**

7. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni að þau tálmi afgreiðslu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld

að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar, um hvar þau megi liggja. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjum að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að og frá. Skipum eða bátum má ekki leggja þannig, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarnefndar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi úr höfninni. og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. 177
19. sept.

8. gr.

Eigi má festa skipum við bryggjur hafnarinnar nema við festarhringa eða festarstólpa, og skal festum þannig fyrir komið, að þær tálmi sem minnst umferð. Skytt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bryggju, ef þess er krafizt.

9. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af. Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða hafnarmannvirki að óþörfu.

10. gr.

Ef skip lendir á grunni eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það brott svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta flytja skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaði, er af slíku leiðir.

V. KAFLI

Um notkun hafnarmannvirkja.

11. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur í þeirri röð, sem þau koma, þó skulu skip, að öðru jöfnu, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjum þótt önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau, sem fyrir eru, að víkja meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggjum, áliti hún það nauðsynlegt veðurs vegna.

12. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, er nær liggja.

13. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bryggju, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt getur hafnarnefnd stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er. Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar, en þar sem hafnarnefnd vísar til.

14. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju, og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Flytja skal burt vörur og muni, jafnskjótt og hafnarnefnd krefst þess,

VI. KAFLI

Um geymsluskip.

15. gr.

Geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi, skulu áður en þeim er lagt, fá leyfi hafnarnefndar í hvert sinn, og hlíta þeim skilmálum, er hafnarnefnd kann að setja. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess. Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, er lagt er í lægi í höfninni.

VII. KAFLI

Hafnargjöld.

16. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og önnur vélskip, ferjur og hvers konar fleytur, stærri en 12 smálestir brúttó, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum, eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

17. gr.

Öll skip, sem eru eign manna búsettra við hafnarvæðið eða skrásett þar, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjöld einu sinni á ári, 1 krónu á brúttó smálest, þó aldrei minna en kr. 5.00 á ári, með gjalddaga 1. júlí ár hvert.

Fiskiskip, sem skrásett er utan hafnarsvæðis, greiða 15 aura af hverri brúttó smálest í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar, þó ekki oftár en fimm sinnum á ári hverju, þó þau komi oftár til hafnarinnar.

Innlend strandferðaskip greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Bíldudalshöfn, 40 aura af smálest hverri í hafnargjald, en ekkert þó þau komi aftur á sama ári. Önnur skip, sem til hafnarinnar koma, og hafa samband við land, greiða 15 aura af hverri brúttó smálest í hvert sinn, sem þau koma á Bíldudalshöfn, sbr. þó 19. gr.

18. gr.

Fyrir skip, sem lagt er við föst legufæri á höfninni, skal greiða árlega, sem hér segir: Ef þau eiga heima á Bíldudal, og eru að öllu leyti í eigu manna búsettra við hafnarsvæðið, skal greiða fyrir opna báta kr. 5.00, vélbáta með þilfari kr. 10.00, og stærri skip kr. 15.00 á ári. Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

19. gr.

Undanþegin lestagjaldi eru öll herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskeppda, og skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land. Hafnargjöld greiðast af nettó stærð skipa, þar sem ekki er annað ákveðið.

VIII. KAFLI

Bryggjugjald.

20. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af hverri nettó smálest, og er gjaldið 20 aurar fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 10 krónur á sólarhring. Ef skip liggur utan á öðru skipi,

sem liggur við bryggju, skal það greiða hálf gjald. Fyrir báta heimilisfasta á Bildudal gilda þó eftirfarandi sérstakar reglur. Batar og skip, 5 smalestir brúttó eða stærri, greiða kr. 40.00 á ári, batar, sem eru minni en 5 smalestir, greiða kr. 10.00 á ári. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þau flytji vörur til eða frá staðnum gegn gjaldi. 177 19. sept.

IX. KAFLI

Vörugjald.

21. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fluttar eru í land eða úr landi eða á milli skipa, með þeim undantekningum, er síðar getur. Hálf gjald skal greiða af vörum, sem lagðar eru í land til umhleðslu eða sem einungis eru fluttar milli skipa.

Eftirtaldar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- b. Innlend mjólk og rjómi, sem fluttur er að.
- c. Bréfaþóstur og farangur farþega.
- d. Afli fiskiskipa og nauðsynjar þeirra.
- e. Vörur og tæki til hafnarinnar.

22. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur meira en helmingi, reiknast heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóra skylt að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagnið. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið mæla vörumagnið á þann hátt, sem henni þykir hentugast. Reynist það meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

23. gr.

Vörur skulu flokkaðar til vörugjalds eftir vöruskrá, og greiðist gjald samkvæmt henni. Ef vafi leikur á, í hverjum flokki skuli telja vöru, sker hafnarnefnd úr, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

24. gr.

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg:

Blý, brýni, sement, eldfastur leir, gaddavir og stálvir, gærur, hverfisteinar, ís, ísvarinn fiskur, járn, stál, kopar, kaðlar, kitti, kol, kít, litarvörur þungar, nýr fiskur útfluttur og blautur saltfiskur, miðstöðvarvörur og steypar járnvörur, prentsverta, saltsild, sódi, togleður, þakjárn og þakpappi.

2. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:

Baðlyf, benzín og alls konar olíur, feiti, fiskilínur, grænsápa, garnir, hrogn, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur alls konar, kjöt, leður, leirvörur, linoleum, mör, pappír og þækur, þakar og þakstrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saltfiskur þurr, sápa, segldúkur, seglgarn, tólg, tjara, tvistur og vaxdúkur.

3. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hver 100 kg:

Ávextir alls konar, brauðvörur, harðfiskur, kaffi, kakaó, lyfjavörur, lýsi,

177
19. sept.

- niðursuðuvörur, nýlenduvörur alls konar, palmín, smjör, smjörliki, súkkulaði, sundmagar, sykur, te, ull.
4. flokkur. Gjald 1 króna fyrir hver 100 kg.
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur, rjól, rulla, og alls konar tóbaksvörur, skinnvörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, og allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
 5. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur, tunnur og aðrar slíkar vörur, reiknaðar eftir rúmmáli.
 6. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hvert teningsfet:
Bifreiðar, húsgögn, orgel, pianó, saumavélar, skilvindur, stundaklukkan, og aðrar þungar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
 7. flokkur. Gjald 4 krónur á grip:
Hross, nautgripir, svín.
 8. flokkur. Gjald 50 aura fyrir hverja kind:
Sauðfé.

X. KAFLI

Vöruheymsla o. fl.

25. gr.

Fyrir vöruheymslu á landi hafnarinnar eða í húsum hennar skal greiða eftir samkomulagi við hafnarnefnd í hvert sinn. Fyrir sérstaka notkun á mannvirkjum hafnarinnar og landi, svo sem aðgerð á fiski, síldarsöltun, fiskverkun o. fl., skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi milli viðkomandi aðilja og hafnarnefndar.

XI. KAFLI

Önnur gjöld.

26. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða viðgerðar, skal greiða 10 aura fyrir hverja nettó smálest af burðarmagni skipsins hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 4 krónur. Undanþegin eru skip, sem eru heimilisföst á hafnarsvæðinu.

Fyrir uppsátur skipa og báta greiðist árgjald, og skal það vera kr. 10.00 fyrir allt að 5 smáesta báta, fyrir báta 6 til 12 smáesta kr. 20.00, fyrir 13 til 50 smáesta skip kr. 30.00 og fyrir stærri skip kr. 75.00, og er í öllum tilfellunum miðað við brúttó stærð.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

XII. KAFLI

Innheimta og greiðsla hafnargjalda.

27. gr.

Öll þau gjöld, sem greiðast skulu einu sinni á ári samkvæmt reglugerð þessari, falla í gjalddaga 1. október ár hvert, og ber gjaldendum að greiða þau á skrifstofu hafnarinnar.

Öll önnur gjöld, sem reglugerðin ákveður, skulu greiðast áður en skip fer burt úr höfninni, og getur enginn skipstjóri vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarnefnd, að hann hafi greitt öll gjöld til hafnarinnar. Vöru- og geymslugjald greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur í sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil

á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslunni. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum unz gjaldið er greitt.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

28. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni eða mannvirkjum hennar og áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir, skulu þær ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, enda sé það gert áður en mánuður er liðinn frá því matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess krafðist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt um meira en 10 af hundraði af fyrri matsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

29. gr.

Enginn, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

30. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi, ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur fengið skipunina.

31. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—10000 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Bildudals.

32. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.